

Alþingi
Erindi nr. P 132/1462
komudagur 23.3.2006



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — utanríkismálanefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík


Dags. 23. mars 2006
Tilv. 012/6824/MJ/KG

Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf

Vísað er til bréfs dagsett 16. mars 2006.

Veðurstofa Íslands fagnar þingsályktunartillögu um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf. Enginn vafi er á að þörf er á aukinni þekkingu á veðurfari þessa svæðis og samspili þess við lífríki lands og sjávar sem og áhrifa veðurfars á lífskilyrði þeirra þjóða sem búa í þeim löndum sem hér um ræðir. Á svæðinu umhverfis Íslands mætast meginstraumar í andrúmslofti og hafi og er hegðan þeirra talin gegna stóru hlutverki í veðurfari og veðurfarsbreytingum stórs huta heimsins. Mikill alþjóðlegur áhugi er á samstarfi við íslenska vísindamenn á þessu sviði en hingað til hefur takmörkuðum fjármunum verið varið hér á landi til þessa málaflokks. Veðurstofan styður því eindregið framkomna þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt


Magnús Jonsson
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001
NETFANG office@vedur.is